

Dagsetning: 8.11.2022
Tilboðsgjafi: HLH ráðgjöf
Viðtakandi: Kópavogsbær

Efni: Greining á rekstri og stjórnsýslu velferðarsviðs Kópavogsbæjar

Óskað var eftir tilboði í vinnu vegna umfangs verkefna velferðarsviðs Kópavogsbæjar.

Tilboðið tekur mið af tillögu HLH ráðgjafar af vinnutilhögun verkefnis:

Lagt er til að eftirfarandi verkefni verði ma. unnin:

- Greining á útgjöldum sviðsins með hliðsjón á umfangi verkefna
- Greining á stöðugildum
- Viðtöl verði tekin við alla stjórnendur á sviðinu. Markmið viðtalanna er að taka saman og kortleggja ábyrgðarsvið stjórnenda með tillit til umfanga verkefna þeirra. Eru tækifæri til að einfalda skipulagið?
- Greining á umfangi verkefna hvernar þjónustueiningar og þau borin saman við stöðugildi sem eiga að standa undir þeim verkefnum. Eru tækifæri til að draga úr mönnun og/eða einfalda vinnslu verkefna?
- Greining á skipulagi vakta (þjónusta við fatlað fólk).
 - Hvernig er ákvörðun um skipulag vakta tekin? Hér er m.a. verið að skoða hvort sveitarfélagið styðjist við hlutlæga aðferðafræði við ákvörðun um þjónustu og skipulag hennar.
 - Greining á mönnun þjónustu við fatlað fólk með hliðsjón af mati á stuðningsþörfum (SIS mat) – fjármögnun þjónustunnar tekur mið af SIS mati
 - Er samræmi í skipulagningu vakta á milli starfseininga o.s.frv.
- Greining á stuðningsþjónustu sveitarfélagsins:
 - fjöldi klukkustunda sem veitt er í þjónustu samanborin við fjölda stöðugilda
- Leggja grunn að mælikvörðum sem stuðst verði við í ákvörðunartöku um fjármögnun þjónustu, t.d. fjölda einstaklinga á hvert stöðugildi í þjónustu við fatlað fólk, fjöldi einstaklinga á hvert stöðugildi í stuðningsþjónustu o.s.frv.

Eftirfarandi þjónustueiningar sem úttektin nær til:

- Skrifstofa sviðsstjóra (vantar stg)
- Rekstrardeild - 7 stg. (lok árs '21)
- Barnavernd - 17,9 stg. (lok árs '21)
- Ráðgjafar- og íbúðadeild- 10 stg. (lok árs '21)
- Þjónustu- og ráðgjafardeild aldraðra- 62,2 stg. (lok árs '21)
- Þjónustu- og ráðgjafardeild fatlaðra- 150,7 stg. (lok árs '21)

Vinnutilhögun: Áhersla er lögð á að viðtöl séu tekin við forstöðumenn og í sumum tilvikum deildarstjóra. Tekin verða saman gögn úr aðalbók sveitarfélagsins. Kostnaðurinn verður borinn saman við þriggja ára tímabil. Gerð verður grein fyrir stöðugildum þjónustunnar og þróun þeirra, veikindum og yfirvinnu. Skipulag þjónustu verður skoðað með hliðsjón af rekstri þjónustunnar.

Afurð: Skiluð verður skýrsla með greiningu á rekstri þjónustunnar og skipulag. Ráðgjafar munu leggja fram tillögur sem miða að því að nýta fjármagn sviðsins með hagkvæmum hætti og til að bæta þjónustu.

Verktími: Með hliðsjón af öðrum sambærilegum verkefnum sem tilboðsgjafi hefur unnið þá mun verktíminn verða allt að 500 klst.

Kostnaður: Áætlaður kostnaður getur numið allt að 10.950.000 m.kr. án vsk., en vsk fæst endurgreiddur frá ríkissjóði.

Útseld vinna HLH ráðgjafar eru kr. 21.900 fyrir hverja klukkustunda án vsk.

Vakin er sérstök athygli á að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga hefur veitt sveitarfélögum styrki vegna rekstrarúttektar í málefnum fatlaðs fólks. Dæmi um slíkar styrkveitingar eru Bergrisi (Sv. á Suðurlandi) - 8 m.kr. (september 2021), Akureyrarbær – 8 m.kr. (mars 2020) o.fl. sveitarfélög.